

Mánudaginn 16. júní 1975.

Nr. 39/1975. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Gunnari Þórmundssyni

(Hörður Einarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf voru háð í máli þessu í sakadómi Kópavogskaupstaðar hinn 28. maí 1975. Kom umráðamaður bifreiðar þeirrar, sem ákærði ók hinn 4. ágúst 1973, þá fyrir dóm.

Í héraðsdómi er ákærði réttilega sakfelldur fyrir brot á þar greindum ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, en í ákæruskjali er hann eigi sóttur til saka fyrir brot á 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Ákærði var 16 ára að aldri, er hann framdi brot sitt. Með vísan til þessa er refsing hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, og þykir mega fresta fullnustu refsingar og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Svipta ber ákærða ökuleyfi sínu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja, en eigi er heimilt að vísa til 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, svo sem ákæruskjal er úr garði gert. Stendur orðalag ákæruskjals því eigi í vegi, að slík svipting ökuleyfis verði dæmd, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun talsmanns hans, 20.000 krónur.

Héraðsdómari hefur í sakadómi Kópavogskaupstaðar hinn

5. desember 1974 ákveðið, að ákærði skuli halda ökuréttindum sínum, uns dómur Hæstaréttar gangi í máli þessu, og er vísað í því efni til 178. gr. laga nr. 74/1974. Þessi niðurstaða fær eigi staðist, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem er sérákvæði, er gengur framur hinu almenna ákvæði 178. gr. laga nr. 74/1974.

Það athugast, að skipuðum talsmanni ákærða var eigi gert viðvart, er ofangreind framhaldspróf voru háð í máli þessu.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Gunnar Þórmundsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og

Björns Sveinbjörnssonar.

Í héraðsdómi er ákærði réttilega sakfelldur fyrir brot á þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, er þar greinir. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, en eigi standa sakfræðileg rök til þess, að skilorðsbinda refsinguna.

Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Gunnar Þórmundsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 27. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október 1974, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru rkissaksóknara, dags. 11. desember 1973, „á hendur Jóni Gunnari Þórmundssyni, verkamanni, Bræðratungu 7, Kópavogi, fæddum 21. september 1956 í Reykjavík, fyrir að aka laugardaginn 4. ágúst 1973 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni Y 259 stuttan spöl aftur á bak við Varmahlíð í Skagafirði, þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hans, en ákærði hugðist aka til Sauðárkróks.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik eru þessi:

Er lögregluþjónarnir nr. 113 og 175 voru staddir við Varmahlíð í Skagafirði laugardaginn 4. ágúst 1973, klukkan 1750, stöðvuðu þeir bifreiðina Y 259, þar sem henni var ekið gáleysislega aftur á bak um veginn. Er lögregluþjónarnir ræddu við ökumanninn, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, fundu þeir áfengisþef leggja frá vitum hans, og viðurkenndi hann áfengisneyslu.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa ökuréttindi, enda ekki orðinn sautján ára gamall.

Klukkan 1825 sama dag gaf ákærði skýrslu hjá varðstjóra, og skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki ökuréttindi.

Kvaðst hafa ekið bifreiðinni Y 259 frá tjaldstæði við Miðgarð og verið á leiðinni í söluskálann, er hann var stöðvaður af lögreglunni, en það var skömmu eftir að hann lagði af stað. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið tvær blöndur af anisbrennivíni frá klukkan 1700 til klukkan 1800 í tjaldi sínu. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kvaðst hafa sofið um 12 tíma nóttina áður og ekkert umræddan dag.

Um útlit og önnur einkenni ákærða var eftirfarandi getið: Áfengisþefur af andardrætti talsverður. Öndunarprufa sýndi IV. stig. Andlit (litarháttur) þrútið, fatnaður velktur, framkoma kurteis- kærulaus, augu vot- dauf, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, og með gasgreiningu á súlu reyndist vera 1.97% magn alkóhóls í blóði hans.

Hinn 25. október 1973 mætti ákærði fyrir rétti og viðurkenndi hann áfengisneyslu fyrir akstur greint sinn. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en eftir að hann var kominn til yfirheyrslu hjá lögreglunni og á leið til blóðtöku, kvað hann, að svifið hefði á sig af áfengi því, er hann drakk fyrir akstur sinn.

Hinn 14. febrúar sl. var ákæran birt ákærða og honum jafnframt kynnt önnur gögn málsins. Gerði hann þá athugasemd við ákæruna, að hann hefði ekki ætlað sér að aka til Sauðárkróks umrætt sinn, eins og í ákæru greinir, heldur hafi verið ætlunin að aka að söluskálanum, sem var neðan við Varmahlíð eða við vegamótin. Að öðru leyti gerði ákærði ekki athugasemdir við gögn málsins. Að lokum upplýsti ákærði, að hann hefði fengið ökuréttindi 5. október 1973 og sýndi ökuskipteini sitt því til staðfestu.

Að ósk ákærða var honum veittur frestur til að skila vörnum í máli þessu til 14. mars sl.

Hinn 29. mars sl. var Óttar Yngvason héraðsdómslögmaður skipaður verjandi ákærða og honum veittur frestur til að skila vörn sinni til 15. apríl sl.

Hinn 14. september sl. var ítrekað við lögmanninn að skila vörn sinni.

Hinn 28. október sl. lagði verjandinn fram skipunarbréf sitt

ásamt skriflegri vörn og lýsti yfir, að hann teldi rannsókn málsins lokið af sinni hálfu. Var málið því dómtekið.

Gerir verjandi þá kröfu, að refsing verði látin falla niður, sbr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verði sýknaður af kröfu um sviptingu réttinda til þess að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og málskostnaður verði látinn niður falla.

Til vara er krafist skilorðsbundinnar refsingar samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga, sýknu af kröfu um sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og niðurfellingar málskostnaðar.

Síðan rekur verjandi málavexti í stuttu máli og segir síðan: „Ákærði fann ekki til áfengisáhrifa við aksturinn, enda var hann nýbúinn að neyta áfengisins og akstursleiðin var örstutt. Hinn ákærði var samvinnuþýður við lögregluna og fór umyrðalaust til blóðtöku á Sauðárkróki. Var hún framkvæmd kl. 19.00. Niðurstaða alkóhólákvörðunar reyndist 1.97% við blóðtökuna kl. 19.00, en ekki hægt að fullyrða, hvert alkóhólmagnið var, þegar ákærði var stöðvaður af lögreglunni kl. 17.50. Líkur virðast þó fyrir því, að þá hafi alkóhólmagn verið langtum minna heldur en það, sem síðar mældist.

Ekkert tjón varð af akstri ákærða né nein röskun á hagsmunum nokkurs aðila.

Til frekari rökstuðnings kröfugerðar umbj. m. skal á það bent, að hann hefur aldrei sætt ákæru fyrr, samanber sakavottorð það, sem lagt hefur verið fram á dskj. nr. 3 í máli þessu.

Krafa umbj. m. um sýknu af kröfu ákæruvaldsins um sviptingu réttar til þess að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga byggist á því, að umbj. m. hefur nú þegar fengið útgefið ökuleyfi, fékk það reyndar hinn 5. október 1973, þannig að svipting réttar til þess að öðlast ökuleyfi er ómöguleiki og hrein markleysa og var það reyndar við útgáfu ákæru hinn 11. des. 1973.

Ef til refsiakvörðunar kynni að koma, vísast til 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem mörg atriði gætu átt við í máli þessu, eins og t. d. sú staðreynd, að enginn aðili varð fyrir neinu tjóni, lítil hætta á ferðum, ungur aldur hins ákærða, góð hegðun hans fyrir og eftir brot og hálf tilviljunarkenndur tilgangur hans.

Mætti e. t. v. segja, að brot hins ákærða hafi verið eins konar óhapp eða misgáningur, sem enginn varð fyrir tjóni af, og engin hagsmunaröskun átti sér stað“.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er samræmi við önnur gögn málsins, telst sann- að, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til nefsiákvæða, nema telja verður ósannað, að ákærði hafi ætlað sér að aka til Sauðárkróks umrætt sinn, svo sem í ákæruskjali er látið að liggja.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kærnum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga, en með tilliti til þess, að ákærði hefur eigi áður gerst brotlegur, svo og ungs aldurs hans og með skírskotun til máls- atvika þykir rétt að fresta fullnustu refsingar hans, og skal hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, haldið.

Í vörn sinni bendir verjandi á, að líkur virðist fyrir því, að alkóhólmagn hafi verið langtum minna, er ákærði var stöðvaður af lögreglunni (kl. 1750) heldur en það, sem síðar mældist. Í þessu sambandi er vísað til 9. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en þar segir, „að hafi ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn“. Af þessum sökum þykir nefnd málsástæða verjandans ekki koma til álita við úrlausn máls þessa.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. grein umferðar- laga, en eins og áður var greint frá, öðlaðist ákærði ökuréttindi 5. október 1973, eða áður en ákæruskjal var útgefið. Af þessum sökum krefst verjandi sýknu af þessum kröfulið og telur þessa kröfu ákæruvaldsins „ómöguleika og hreina markleysu, og var það reyndar við útgáfu ákæru hinn 11. des. 1973“.

Samkvæmt 2. mgr. 115. greinar laga nr. 74/1974, 3. tl., skal greina í ákæruskjali, svo eigi verði um villst, þær kröfur, sem gerðar eru á hendur sökunaut, svo sem kröfu um réttindamissi, og samkvæmt 118. grein sömu laga má ekki dæma aðrar kröfur á hendur honum en þær, sem í ákæruskjali greinir.

Ekki þykja þessar greinar standa í vegi fyrir því að svipta ákærða í máli þessu þegar fengnum ökuréttindum þrátt fyrir nefnt orðalag í ákæruskjali. Enda verður ekki séð, að það fari gegn því þýðingarmikla hlutverki ákæruskjala, „að tryggja frá

upphafi, eftir því sem kostur er, réttan grundvöll saksóknar og dóma í opinberum refsimálum“.

Af þessum sökum ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá dómsbirtingu að telja, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 81. grein umferðarlaga og 1. mgr. 24. greinar áfengis- laga.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óttars Yngva- sonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gunnar Þórmundsson, sæti varðhaldi í 10 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði al- mennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/ 1940, sbr. lög nr. 23/1955, haldið.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur öku- leyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn- arlaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
